



Skrokkmál -mælingar á hrossum sem koma til kynbótadóms

Frá og með vorinu 2018 verða öll hross sem mæta til dóms mæld eins. Mælt er á eftirfarandi hátt:

Stangarmál, með því er mæld hæð á hæstar herðar (M1), hæð á lægst á bak (M2), hæð á hæsta lend (M3), brjóstdýpt frá hæsta punkti herðakambs á bringubein aftan við armllegg (M4) og bollengd frá bóghnútu og aftur á aftasta punkt vöðva aftan við setbein (M5).



Bogmál, með því er mæld brjóstbreidd um bóghnútur (M6), mjaðmarbreidd um mjaðmarhorn (M7) og mjaðmarbreidd um lærleggstoppa (M8).



Bandmál, með því er mælt ummál um framhné (M10) og framfótlegg (M11).



Skíðmál, með því er mæld breidd leggs og sína á fótlegg neðan framhnés (M9).